

Frumvarp til laga

um evrópska áhættufjármagnssjóði og evrópska félagslega framtakssjóði.

Frá fjármála- og efnahagsráðherra.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að kveða á um skilyrði fyrir notkun á heitunum EuVECA við markaðssetningu á evrópskum áhættufjármagnssjóðum og EuSEF við markaðssetningu á evrópskum félagslegum framtakssjóðum.

2. gr.

Lögfesting.

Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska áhættufjármagnssjóði, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26 frá 23. apríl 2020, bls. 1–17, skulu hafa lagagildi hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2018 frá 23. mars 2018 sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 6 frá 30. janúar 2020, bls. 51, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest.

Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska félagslega framtakssjóði, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26 frá 23. apríl 2020, bls. 18–38, skulu hafa lagagildi hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2018 frá 23. mars 2018 sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 6 frá 30. janúar 2020, bls. 51, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest.

Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1991 frá 25. október 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 345/2013 um evrópska áhættufjármagnssjóði og reglugerð (ESB) nr. 346/2013 um evrópska félagslega framtakssjóði, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7 frá 28. janúar 2021, bls. 675–692, skulu hafa lagagildi hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2020 frá 11. desember 2020, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið þar sem bókunin er lögfest.

Í 17. gr. er fjallað um aðlaganir á reglugerð ESB skv. 3. mgr. og vísanir til tilskipana Evrópusambandsins í reglugerð ESB skv. 1.–3. mgr.

3. gr.

Synjun skráningar.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um synjun skráningar rekstraraðila, sbr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 345/2013 eða 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013, eða sjóðs, sbr. 14. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 345/2013 eða 15. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 346/2013, allt eftir því sem við á, skal tilkynnt viðkomandi rekstraraðila eigi síðar en tveimur mánuðum eftir móttöku nauðsynlegra upplýsinga. Synjun Fjármálaeftirlitsins á skráningu skal rökstudd.

4. gr.

Eftirlit og upplýsingagjöf.

Fjármálaeftirlitið og Eftirlitsstofnun EFTA annast eftirlit samkvæmt lögum þessum í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, og samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Um eftirlitið og um upplýsingagjöf innlendra aðila, bæði til Evrópsku verðbréfamarkaðs- eftirlitsstofnunarinnar og stofnana innan Evrópska efnahagssvæðisins, gilda ákvæði laga þessara, ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 345/2013 um evrópska áhættufjármagnssjóði og reglugerðar (ESB) nr. 346/2013 um evrópska félagslega framtakssjóði, eftir því sem við á, laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að beita ákvæðum þessara laga við framkvæmd eftirlits og vegna samvinnu við Eftirlitsstofnun EFTA og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Eftirlitsheimildir.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að grípa til eftirfarandi ráðstafana til þess að tryggja að farið sé að lögum þessum:

1. Krefjast aðgangs að, afhendingar á eða afrits af öllum gögnum á því formi sem það telur nauðsynlegt til að sinna eftirliti sínu.
2. Krefja rekstraraðila sjóða samkvæmt lögum þessum um allar upplýsingar án tafar á því formi sem það telur nauðsynlegt til að sinna eftirliti sínu.
3. Krefja einstaklinga og lögaðila um allar upplýsingar sem tengjast starfsemi sjóða eða rekstraraðila sjóða samkvæmt lögum þessum.
4. Framkvæma vettvangsathuganir og vettvangsrannsóknir með fyrirframtilkynningu eða án tilkynningar.
5. Grípa til annarra viðeigandi ráðstafana.
6. Krefjast þess að rekstraraðilar sjóða samkvæmt lögum þessum fari að ákvæðum laganna og láti af háttsemi sem er andstæð ákvæðum þeirra.

Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum. Þetta gildir þó ekki um upplýsingar sem lögmaður öðlast við athugun á lagalegri stöðu skjólstæðings í tengslum við dómsmál, þ.m.t. þegar hann veitir ráðgjöf um hvort höfða eigi mál eða hvernig komast megi hjá málarekstri, eða um upplýsingar sem hann öðlast fyrir dómsmál, á meðan á því stendur eða eftir lok þess ef upplýsingarnar hafa bein tengsl við málið.

Liggi fyrir rökstuddur grunur um að brotið hafi verið gegn lögum þessum, reglugerðum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim er Fjármálaeftirlitinu heimilt, að uppfylltum ákvæðum laga um meðferð sakamála, eftir því sem við getur átt, að:

1. Krefjast kyrrsetningar eigna og haldlagningar muna.

2. Krefjast þess fyrir dómi að fá aðgang að fyrirbyggjandi gögnum og upplýsingum um símtöl eða önnur fjarskipti við tiltekinn síma eða fjarskiptatæki í vörslu fjarskiptafyrirtækja þegar slíkar upplýsingar geta haft þýðingu við rannsókn á brotum á lögum þessum. Fjarskiptafyrirtæki er skylt að afhenda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar skv. 1. málslíð án úrskurðar dómara ef samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda síma eða fjarskiptatækis liggur fyrir.
3. Krefjast þess að fá aðgang að fyrirbyggjandi gögnum og upplýsingum um símtöl eða önnur fjarskipti við tiltekinn síma eða fjarskiptatæki í vörslu sjóðs samkvæmt lögum þessum, rekstraraðila, vörsluaðila eða annarra aðila sem falla undir lög þessi.

Um lok kyrrsetningar fer almennt skv. 3. mgr. 88. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Kyrrsetning fellur einnig niður ef athugun Fjármálaeftirlitsins lýkur án þess að stjórnsluviðurlögum sé beitt eða mál kært til lögreglu. Gerðarþoli á þá heimtingu á að felldar verði úr gildi þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til tryggingar kyrrsetningunni. Kyrrsetning fellur á sama hátt niður ef gerðarþoli innir af hendi þær greiðslur sem kyrrsetning á að tryggja.

Í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 345/2013 og 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013 er Fjármálaeftirlitinu skylt, eins og við á, að:

- a. grípa til ráðstafana til þess að tryggja að rekstraraðili fari að 5. og 6. gr., a- og b-lið 7. gr., 12.–14. gr. og 14. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 345/2013 um evrópska áhættufjármagnssjóði og 5. og 6. gr., a- og b-lið 7. gr., 13.–15. gr. og 15. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 346/2013 um evrópska félagslega framtakssjóði, og/eða
- b. banna rekstraraðila viðurkennds áhættufjármagnssjóðs notkun á heitinu EuVECA og rekstraraðila viðurkennds félagslegs framtakssjóðs notkun á heitinu EuSEF og afskrá rekstraraðilann og/eða viðkomandi sjóð.

Ef rekstraraðili evrópsks áhættufjármagnssjóðs eða evrópsks félagslegs framtakssjóðs með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins heldur áfram háttsemi sem sýnilega brýtur gegn lögum þessum eða reglum settum með stoð í þeim, þrátt fyrir ráðstafanir lögbærs yfirvalds í heimaríki rekstraraðilans eða vegna þess að lögbæra yfirvaldið aðhefst ekki innan sanngjarns tímafrests, getur Fjármálaeftirlitið gripið til viðeigandi ráðstafana til verndar fjárfestum, þar á meðal komið í veg fyrir að rekstraraðilinn geti stundað frekari markaðssetningu hluta eða hlutdeildarskírteina sjóða í rekstri hans hér á landi. Fjármálaeftirlitið skal fyrir fram tilkynna lögbæru yfirvaldi heimaríkis rekstraraðila um slíkar ráðstafanir og Eftirlitsstofnun EFTA og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni tafarlaust. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að vísa málinu til Eftirlitsstofnunar EFTA sem getur gripið til ráðstafana í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármála-markaði.

Til viðbótar 1.–6. mgr. gilda eftirlits- og valdheimildir lögbærra yfirvalda samkvæmt lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða um rekstraraðila viðurkenndra áhættufjármagnssjóða og rekstraraðila viðurkenndra félagslegra framtakssjóða sem eru starfsleyfis- eða skráningar-skyldir samkvæmt þeim lögum, þar á meðal að því er varðar viðurlagaheimildir.

6. gr.

Aðfararhæfi ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA og dóma EFTA-dómstólsins.

Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt lögum þessum eru aðfararhæfar, sem og dómur og úrskurðir EFTA-dómstólsins.

7. gr.

Úrbótakrafa vegna brots.

Komi í ljós að ákvæðum laga þessara eða stjórnvaldsfyrirmæla settra með stoð í þeim sé ekki fylgt skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests.

8. gr.

Stjórnvaldssektir.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann lögaðila eða einstakling sem brýtur gegn eftirtöldum ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 og stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra:

1. iii-lið b-liðar 1. mgr. 3. gr., um notkun á heitinu EuVECA við markaðssetningu á áhættufjármagnssjóði innan Evrópska efnahagssvæðisins án þess að til sjóðsins sé stofnað innan svæðisins.
2. 4. gr. um notkun á heitinu EuVECA við markaðssetningu á viðurkenndum áhættufjármagnssjóði innan Evrópska efnahagssvæðisins án þess að uppfylla skilyrði þar um.
3. 5. gr. um fjárfestingarheimildir.
4. 6. gr. um markaðssetningu gagnvart hæfum fjárfestum.
5. 7. gr. um trúnaðarskyldu rekstraraðila.
6. 8. gr. um útvistun á starfsemi rekstraraðila.
7. 9. gr. um hagsmunaárekstra.
8. 10. gr. um eiginfjárgrunn.
9. 11. gr. um framkvæmd verðmats.
10. 12. gr. vegna ítrekaðra brota á reglum um gerð og birtingu ársskýrslu og endurskoðun á sjóðnum.
11. 13. gr. vegna ítrekaðra brota á reglum um upplýsingagjöf til fjárfesta.
12. 1. mgr. 14. gr. um starfsemi án skráningar rekstraraðila.
13. 1. mgr. 14. gr. a um starfsemi án skráningar sjóðs.
14. 15. gr. um tilkynningarskyldu rekstraraðila.
15. 23. gr. um þagnarskyldu.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn eftirtöldum ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 og stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra:

1. iii-lið b-liðar 1. mgr. 3. gr., um notkun á heitinu EuSEF við markaðssetningu á áhættufjármagnssjóði innan Evrópska efnahagssvæðisins án þess að til sjóðsins sé stofnað innan svæðisins.
2. 4. gr. um notkun á heitinu EuSEF við markaðssetningu á viðurkenndum áhættufjármagnssjóði innan Evrópska efnahagssvæðisins án þess að uppfylla skilyrði þar um.
3. 5. gr. um fjárfestingarheimildir.
4. 6. gr. um markaðssetningu gagnvart hæfum fjárfestum.
5. 7. gr. um trúnaðarskyldu rekstraraðila.
6. 8. gr. um útvistun á starfsemi rekstraraðila.
7. 9. gr. um hagsmunaárekstra.
8. 10. gr. um mælingar.
9. 11. gr. um eiginfjárgrunn.
10. 12. gr. um framkvæmd verðmats.
11. 13. gr. vegna ítrekaðra brota á reglum um gerð og birtingu ársskýrslu og endurskoðun á sjóðnum.

12. 14. gr. vegna ítrekaðra brota á reglum um upplýsingagjöf til fjárfesta.
13. 1. mgr. 15. gr. um starfsemi án skráningar rekstraraðila.
14. 1. mgr. 15. gr. a um starfsemi án skráningar sjóðs.
15. 16. gr. um tilkynningarskyldu rekstraraðila.
16. 24. gr. um þagnarskyldu.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 100 þús. kr. til 65 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500 þús. kr. til 800 millj. kr., en geta þó verið hærrí eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi ef lögaðili er hluti af samstæðu.

Þrátt fyrir 3. mgr. er heimilt að ákvarða einstaklingi eða lögaðila sem brýtur gegn lögum þessum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra stjórnvaldssekt allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð sem nemur fjárhagslegum ávinningi af broti.

Ákvarðanir um stjórnvaldssektir eru aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Um viðurlög gagnvart hverjum þeim lögaðila eða einstaklingi sem brýtur gegn ákvæðum laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, fer samkvæmt XI. kafla þeirra laga.

9. gr.

Saknæmi.

Stjórnsýsluviðurlögum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

10. gr.

Ákvörðun stjórnsýsluviðurlaga og annarra ráðstafana.

Við ákvörðun stjórnsýsluviðurlaga, þar á meðal um fjárhæð stjórnvaldssekta, og annarra ráðstafana vegna brots skal tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. eftirfarandi, eftir því sem við á:

- a. alvarleika brots og hvað brotið hefur staðið lengi yfir,
- b. ábyrgðar hins brotlega,
- c. fjárhagsstöðu hins brotlega, sér í lagi með hliðsjón af ársveltu lögaðila eða árstekjum og eignum einstaklings,
- d. ávinnings hins brotlega af broti eða taps sem hann forðar með broti, þess tjóns sem brotið veldur þriðja aðila og, ef við á, hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa, að því marki sem unnt er að ákvarða það,
- e. samstarfsvilja hins brotlega,
- f. fyrri brota hins brotlega og
- g. ráðstafana sem hinn brotlegi grípur til eftir brotið til að koma í veg fyrir að brotið verði endurtekið.

11. gr.

Sátt.

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni.

Seðlabanki Íslands setur reglur um framkvæmd 1. mgr.

12. gr.

Réttur grunaðs manns.

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu hefur sá sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

13. gr.

Frestur til að beita stjórnsýsluviðurlögum.

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnsýsluviðurlög samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

14. gr.

Refsing við broti.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn eftirfarandi ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 345/2013:

1. 5. gr. um fjárfestingarheimildir.
2. 6. gr. um markaðssetningu gagnvart hæfum fjárfestum.
3. 1. mgr. 14. gr. um starfsemi án skráningar rekstraraðila.
4. 1. mgr. 14. gr. a um starfsemi án skráningar sjóðs.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn eftirfarandi ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 346/2013:

1. 5. gr. um fjárfestingarheimildir.
2. 6. gr. um markaðssetningu gagnvart hæfum fjárfestum.
3. 1. mgr. 15. gr. um starfsemi án skráningar rekstraraðila.
4. 1. mgr. 15. gr. a um starfsemi án skráningar sjóðs.

Brot gegn lögum þessum varða refsingu óháð því hvort þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara sem varða sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Gera má lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra óháð því hvort sök verði sönnuð á tiltekinn fyrirvarsmann lögaðilans, starfsmann hans eða annan aðila sem starfar á hans vegum. Hafi fyrirvarsmaður lögaðilans, starfsmaður hans eða annar á hans vegum með sagnæmum hætti brotið gegn lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra í starfsemi lögaðilans má gera honum refsingu, auk þess að gera lögaðilanum sekt.

15. gr.

Kæra til lögreglu.

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnsýsluviðurlögum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot er meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa því til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega víta-verðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til rannsóknar lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot styðst við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákærvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Lögreglu og ákærvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hefur verið aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna meintrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

16. gr.

Stjórnvaldsfyrirmæli.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 345/2013 um þau atriði sem koma fram í 5. mgr. 9. gr. hennar um tegundir hagsmunaárekstra og ráðstafanir sem rekstraraðilar samkvæmt lögum þessum skulu grípa til við að greina hagsmunaárekstra, koma í veg fyrir, stýra, vakta og birta upplýsingar um þá.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 346/2013 um þau atriði sem koma fram í eftirfarandi greinum hennar:

1. 2. mgr. 3. gr. um tegundir vöru eða þjónustu og aðferðir við framleiðslu á vöru eða þjónustu sem eru lýsandi fyrir félagslegt markmið.
2. 5. mgr. 9. gr. um tegundir hagsmunaárekstra og ráðstafanir sem rekstraraðilar samkvæmt lögum þessum skulu grípa til við að greina hagsmunaárekstra, koma í veg fyrir, stýra, vakta og birta upplýsingar um þá.
3. 10. gr. um aðferðir fyrir rekstraraðila viðurkenndra félagslegra framtakssjóða til að meta að hvaða marki fjárfestingarhæf fyrirtæki sem sjóðirnir fjárfesta í ná fram jákvæðu félagslegu áhrifunum sem þau eru skuldbundin til.
4. 14. gr. um upplýsingar skv. c–f-lið og l-lið 1. mgr. sömu greinar og hvernig þær skuli settar fram með samræmdum hætti.

Seðlabanki Íslands setur reglur um nánari framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 345/2013 um þau atriði sem koma fram í eftirfarandi greinum hennar:

1. 14. gr. um upplýsingar sem veita ber í umsókn um skráningu, eyðublöð, form og málsmeðferð fyrir veitingu upplýsinga og skilyrði skráningar.
2. 14. gr. a um upplýsingar sem veita ber í umsókn um skráningu og eyðublöð, form og málsmeðferð fyrir veitingu upplýsinga.
3. 16. gr. um hvernig haga skuli tilkynningum um nýja skráningu rekstraraðila, á nýjum sjóði eða nýju aðildarríki þar sem rekstraraðili hyggst markaðssetja sjóð.
4. 16. gr. a um upplýsingar sem veita ber Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og eyðublöð, form og málsmeðferð fyrir veitingu upplýsinganna.

Seðlabanka Íslands setur reglur um nánari framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 346/2013 um þau atriði sem koma fram í eftirfarandi greinum hennar:

1. 15. gr. um upplýsingar sem veita ber í umsókn um skráningu, eyðublöð, form og málsmeðferð fyrir veitingu upplýsinga og skilyrði skráningar.
2. 15. gr. a um upplýsingar sem veita ber í umsókn um skráningu og eyðublöð, form og málsmeðferð fyrir veitingu upplýsinga.
3. 17. gr. um hvernig haga skuli tilkynningum um nýja skráningu rekstraraðila, á nýjum sjóði eða nýju aðildarríki þar sem rekstraraðili hyggst markaðssetja sjóð.
4. 17. gr. a um upplýsingar sem veita ber Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og eyðublöð, form og málsmeðferð fyrir veitingu upplýsinganna.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur um lok mála vegna brota gegn lögum þessum með sátt, sbr. 11. gr.

17. gr.

Aðlaganir og vísanir.

Ákvæði 2.–6. mgr. 10. gr. og b-liðar 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 345/2013, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) 2017/1991, gilda ekki um rekstraraðila viðurkenndra áhættufjármagnssjóða sem voru starfandi 12. desember 2020, á líftíma þeirra sjóða. Þeir skulu geta sýnt fram á, á hverjum tíma, að eiginfjárgrunnur þeirra nægi til að viðhalda rekstrarlegri samfellu.

Ákvæði 2.–6. mgr. 11. gr. og b-liðar 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 346/2013, eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1991, gilda ekki um rekstraraðila félagslegra framtakssjóða sem voru starfandi 12. desember 2020, á líftíma þeirra sjóða. Þeir skulu geta sýnt fram á, á hverjum tíma, að eiginfjárgrunnur þeirra nægi til að viðhalda rekstrarlegri samfellu.

Þegar vísað er til laga þessara í lögnum er átt við löginn og reglugerðir Evrópusambandsins skv. 1.–3. mgr. þessarar greinar.

Með vísun í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB er átt við ákvæði laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Með vísun í starfsleyfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB í 3. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 345/2013 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 346/2013 er átt við starfsleyfi samkvæmt lögum um verðbréfasjóði.

Með vísun í fagfjárfesta og fjárfesta sem hægt væri að meðhöndla sem fagfjárfesta samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 345/2013 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 346/2013 er átt við fagfjárfesta og aðila sem geta óskað eftir því að vera fagfjárfestar samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.

Með vísun í birtingu árlegra reikningsskila samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB í 3. mgr. 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 345/2013 og

4. mgr. 13. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 346/2013 er átt við birtingu ársreiknings samkvæmt lögum um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu.

Með vísun í birtingu lýsingar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 345/2013 og 3. mgr. 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 346/2013 er átt við birtingu lýsingar í skilningi laga um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

Með vísun í skipulegan verðbréfamarkað samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB í (i)-lið d-liðar 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 345/2013 er átt við skipulegan markað samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.

Með vísun í markaðstorg fjármálagerninga samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB í (i)-lið d-liðar 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 345/2013 er átt við markaðstorg fjármálagerninga samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.

Með vísun í lítið eða meðalstórt fyrirtæki samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB í (i)-lið d-liðar 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 345/2013 er átt við lítil eða meðalstór fyrirtæki samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.

Með vísun í vaxtarmarkað lítilla og meðalstórra fyrirtækja samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB í (i)-lið d-liðar 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 345/2013 er átt við vaxtarmarkað fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.

Með vísun í váttryggingafélag samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB í (iii)-lið d-liðar 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 345/2013 er átt við váttryggingafélag samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi.

Með vísun í eignarhaldsfélag á fjármálasviði samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB í (iii)-lið d-liðar 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 345/2013 er átt við eignarhaldsfélag á fjármálasviði samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Með vísun í blandað eignarhaldsfélag samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB í (iii)-lið d-liðar 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 345/2013 er átt við blandað eignarhaldsfélag samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Með vísun í verðbréfafyrirtæki samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB í (iii)-lið d-liðar 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 345/2013 er átt við verðbréfafyrirtæki samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.

Með vísun í skipulegan markað og markaðstorg fjármálagerninga samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/ESB í (i)-lið d-liðar 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 346/2013 er átt við skipulegan markað og markaðstorg fjármálagerninga samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.

18. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 2022.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í fjármála- og efnahagsráðuneytinu í þeim tilgangi að innleiða í íslenskan rétt ákvæði reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska áhættufjármagnssjóði (hér eftir EuVECA-reglugerðin) og (ESB)

nr. 346/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska félagslega framtakssjóði (hér eftir EuSEF-reglugerðin). Reglugerðirnar gengu í gildi innan Evrópusambandsins (hér eftir ESB) 22. júlí 2013 og voru teknar upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2018 frá 23. mars 2018. Einnig er lagt til að reglugerð (ESB) 2017/1991 frá 25. október 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 345/2013 um evrópska áhættufjármagnssjóði og reglugerð (ESB) nr. 346/2013 um evrópska félagslega framtakssjóði (hér eftir breytingareglugerðin) verði innleidd í íslenskan rétt. Reglugerðin gekk í gildi innan ESB 30. nóvember 2017 og var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2020 frá 11. desember 2020. Þar sem ákvörðunin hefur ekki verið birt í EES-viðbæti stjórntíðinda ESB fylgir þýðing hennar með frumvarpinu sem fylgiskjal.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Markmiðið með reglugerðunum er að beina fjármunum einkafjárfesta til lítilla og meðalstórra fyrirtækja og auka með þeim hætti atvinnutækifæri og vöxt innan ESB.

EuVECA-reglugerðin hefur að geyma reglur um viðurkennda evrópska áhættufjármagnssjóði (hér eftir EuVECA-sjóðir) og rekstraraðila þeirra. Meginmarkmiðið með gerðinni er að örva hagvöxt, stuðla að atvinnusköpun og fjármagnsflutningum, hlúa að stofnun og eflingu nýsköpunarfyrirtækja, auka við fjárfestingar fyrirtækja í rannsóknum og þróun og hlúa að frumkvöðlastarfsemi, nýsköpun og samkeppnishæfni. Reglurnar voru settar sem hluti af markmiði framkvæmdastjórnar ESB um að ýta undir betri aðgang að fjármögnun fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og eru í samræmi við markmið áætlunarinnar *Evrópa 2020*, sem sett var fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 3. mars 2010 undir yfirskriftinni „Evrópa 2020: Áætlun um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla“ og er einnig í samhengi við langtímaáskoranir aðildarríkja sem tilgreindar eru í skýrslu evrópska greiningarkerfisins um áætlanir og stefnu (ESPAS) frá því í mars 2012 undir yfirskriftinni „Hnatræn þróun 2030 — borgarar í samtengdum og fjölkjarna heimi“.

Markmiðið með EuSEF-reglugerðinni er í samræmi við áætlunina „Evrópa 2020: Áætlun um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla“. Reglugerðin er hluti af frumkvæði að félagslegri framtaksssemi sem framkvæmdastjórn ESB kom á með orðsendingu frá 25. október 2011 undir yfirskriftinni „Félagsleg framtaksssemi – Að skapa hagstætt ástand fyrir félagsleg fyrirtæki, helstu hagsmunaaðila í félagslega hagkerfinu og nýsköpun“. EuSEF-reglugerðin kveður á um sameiginlegt regluverk fyrir þá sjóði sem veita fjármuni til fyrirtækja með félagsleg markmið og sem leiða félagslegar breytingar með því að bjóða lausnir við félagslegum vandamálum, enda sækjast fjárfestar í auknum mæli ekki aðeins eftir ávöxtun fjármuna heldur horfa einnig til samfélagslegra markmiða. Reglugerðin hefur að geyma reglur um viðurkennda félagslega framtakssjóði (hér eftir EuSEF-sjóðir) og rekstraraðila þeirra.

Breytingareglugerðinni er ætlað að auðvelda aðgengi lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármagni, auka stærðarhagkvæmni, draga úr kostnaði og auka samkeppni. Breytingarnar sem gerðar eru á EuVECA- og EuSEF-reglugerðunum fela meðal annars í sér að rekstraraðilar sérhæfðra sjóða sem eru starfsleyfisskyldir samkvæmt lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, geta eftir innleiðingu reglugerðarinnar fengið heimild til að reka sjóði sem þessa, en fyrir breytinguna var sú heimild bundin við skráningarskylda rekstraraðila samkvæmt sömu löggjöf. Gerðar eru breytingar á heimilum fjárfestingum fyrir EuVECA-sjóði, m.a. þannig að heimildirnar ná ekki einungis til lítilla og meðalstórra fyrirtækja heldur fyrirtækja með allt að 499 starfsmenn, svokallaðra smærri meðalverðmætra fyrirtækja sem ekki eru skráð á markað. Einnig eru fjárfestingar heimilaðar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem skráð eru á vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þá er opnað fyrir fjárfestingar

sjóðanna í kjölfar frumfjárfestingar þeirra. Skilgreiningin á jákvæðum félagslegum áhrifum vegna EuSEF-sjóða er víkkuð út til að gera þessa sjóðategund eftirsóknarverðari og til að auka fjármagn til félagslegra fyrirtækja. Þá er bætt við kröfum varðandi eiginfjárgrunn rekstraraðila beggja sjóðategundanna til að tryggja samræmdar reglur á Evrópska efnahagssvæðinu og reglur um heimildir til innheimtu kostnaðar í gistiríki eru gerðar skýrari og skráningarferill fyrir sjóðina er einfaldaður.

Markmiðið með innleiðingu gerðanna í íslenskan rétt, eins og þær hafa verið teknar upp í EES-samninginn, er að samræma þær reglur sem gilda hér á landi við þær sem gilda innan EES enda er þannig best gætt að hagsmunum markaðarins og fjárfesta og ýtt undir aukna starfsemi erlendra fyrirtækja hér á landi og íslenskra fyrirtækja erlendis. Þá er markmiðið með innleiðingunni einnig að auka möguleika í fjármögnun lítilla og meðalstórra fyrirtækja og með þeim hætti auka atvinnutækifæri og vöxt. Talið var nauðsynlegt að koma á samræmdum reglum til að fjarlægja hindranir fyrir fjármögnun yfir landamæri og koma í veg fyrir röskun á samkeppni á milli sjóða sem þessara, og einnig að koma í veg fyrir að frekari hindranir og röskun á samkeppni komi upp í framtíðinni. Með því móti ætti traust fjárfesta sem vilja fjárfesta í áhættufjármagnssjóðum eða félagslegum framtakssjóðum að vera tryggt. Loks er ætlunin að stuðla að skilvirkri framkvæmd EES-samningsins.

Um sjóðategundir er að ræða sem ekki er kveðið á um í gildandi löggjöf, en báðar tegundirnar teljast vera sérhæfðir sjóðir. Tengjast því reglurnar um þessar sjóðategundir lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, sem fela í sér innleiðingu á tilskipun 2011/61/ESB um rekstraraðila sérhæfðra sjóða (hér eftir AIFMD). Að því er varðar EuVECA- og EuSEF-reglugerðirnar þá er þar um svokallaða vörulöggjöf að ræða, þ.e. löggjöf Evrópusambandsins um tiltekna tegundir sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem er ekki tilfellið með AIFMD sem kveður á um starfsemi rekstraraðila allra sérhæfðra sjóða, annars vegar þeirra sem eru skráningarskyldir og hins vegar þeirra sem eru starfsleyfis skyldir. Þykir því fara betur á að hafa reglur um þessar tiltekna sjóðategundir í sérstakri löggjöf. Þá þykir rétt að setja ein lög fyrir báðar tegundirnar þar sem gerðirnar eru um margt eðlislíkar.

Lagt er til að reglugerðirnar verði teknar upp í íslenskan rétt með svokallaðri tilvísunaraðferð og þær þá að fullu innleiddar samkvæmt orðanna hljóðan í samræmi við a-lið 7. gr. EES-samningsins, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993. Nánar tiltekið er lagt til að reglugerðunum verði veitt lagagildi hér á landi og vísað verði til birtingar þeirra í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins. Í 2. mgr. 2. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, kemur fram að við birtingu laga í A-deild Stjórnartíðinda, sem sett eru til að lögleiða samninga við önnur ríki og breytingar á þeim, þar á meðal EES-reglur, sé heimilt að vísa til birtingar skv. 4. gr. laganna. Gert er ráð fyrir að afleiddar gerðir reglugerðanna, þ.e. reglugerðir (ESB) nr. 593/2014 og nr. 594/2014 og svo reglugerðir (ESB) 2019/819 og 2019/820, verði teknar upp í íslenskan rétt með stjórnvaldsfyrirmælum ráðherra og Seðlabanka Íslands.

3. Meginefni frumvarpsins.

Lagt er til að sett verði ný heildarlög um evrópska áhættufjármagnssjóði og evrópska félagslega framtakssjóði. Frumvarpið felur í sér innleiðingu EuVECA- og EuSEF-reglugerðanna og breytingareglugerðarinnar í íslenskan rétt. Meginefni frumvarpsins er því lögfesting reglugerðanna og nauðsynlegra ákvæða þar að lútandi, svo sem um hvernig eftirlit fari fram, um heimildir eftirlitsaðila til upplýsingaöflunar, aðfararhæfi ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins, viðurlagaákvæði, kæru til lögreglu og heimildir ráðherra og Seðlabanka Íslands til reglusetningar.

Með gerðunum er kveðið á um skilyrði sem rekstraraðilar þurfa að uppfylla vilji þeir við markaðssetningu sérhæfðra sjóða innan EES nota heitið EuVECA yfir viðurkennda áhættu-fjármagnssjóði og EuSEF yfir viðurkennda félagslega framtakssjóði. Þau skilyrði varða meðal annars samsetningu eignasafns, þ.e. fjárfestingarheimildir sjóðanna, fjárfestingarmarkmið og flokka fjárfesta sem eru hæfir til að fjárfesta í þeim.

4. Nánar um meginefni EuVECA- og EuSEF-reglugerðanna.

4.1. Gildissvið reglugerðanna.

Reglugerðirnar gilda um þá sjóði sem teljast sérhæfðir sjóðir í skilningi AIFMD-tilskipunarinnar, sem innleidd er í íslenskan rétt með lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, sbr. inngangsorð 1. mgr. 2. gr. og a-lið 3. gr. EuVECA- og EuSEF-reglugerðanna. Rekstraraðilar EuVECA-sjóða og EuSEF-sjóða geta verið skráningarskyldir rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, sbr. 7. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, og um þá gilda öll ákvæði EuVECA- eða EuSEF-reglugerðanna, eftir því sem við á, sbr. 1. mgr. 2. gr. reglugerðanna.

Í þeim tilvikum sem starfsleyfisskyldur rekstraraðili sérhæfðra sjóða skv. 6. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða hyggst reka EuVECA-sjóð eða EuSEF-sjóð gilda tiltekin ákvæði reglugerðanna um þá starfsemi, sbr. 2. mgr. 2. gr. reglugerðanna, svo sem um heimilar fjárfestingar, hæfa fjárfesta og upplýsingagiöf. Að öðru leyti gilda lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða um starfsemi þeirra. Þá skal lögbært yfirvald í skilningi AIFMD sem hefur eftirlitsheimildir samkvæmt þeirri tilskipun áfram geta nýtt þær heimildir í tengslum við starfsleyfisskylda rekstraraðila sem reka EuVECA- eða EuSEF-sjóði.

Ef rekstraraðili sjóðanna er utanaðkomandi aðili, þ.e. sjóðirnir reka sig ekki sjálfir, þá getur hann einnig verið rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt þeirri löggjöf sem þar um gildir, hér lög um verðbréfasjóði, nr. 116/2021, sbr. 3. mgr. 2. gr. reglugerðanna. EuVECA- og/eða EuSEF-sjóðirnir skulu þá skráðir samkvæmt 14. gr. EuVECA-reglugerðarinnar eða 15. gr. EuSEF-reglugerðarinnar og gilda öll ákvæði reglugerðanna um starfsemina.

4.2. Heimilar fjárfestingar.

Í reglugerðunum eru taldar upp þær fjárfestingar sem teljast heimilar EuVECA- og EuSEF-sjóðum, bæði að því er varðar hvers konar fjármálagerningar falla þar undir og hvers konar aðili skal vera útgefandi slíkra gerninga. Sjóðirnir þurfa að fjárfesta a.m.k. 70% af heildarfjármagnsframlagi sínu og óinnheimtu stofnfé, sem fjárfestar hafa skráð sig fyrir, í hæfum fjárfestingum. Fjárfesta má því 30% af fjármununum í öðrum eignum en þeim sem falla undir að vera hæfar fjárfestingar.

4.3. Hæfir fjárfestar.

Sjóðirnir eru eins og aðrir sérhæfðir sjóðir ætlaðir fyrir fagfjárfesta í skilningi laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, eða þá almennu fjárfesta sem uppfylla skilyrði breyttrar flokkunar yfir í fagfjárfestaflokkun samkvæmt sömu lögum. Það er þó heimilt, í því skyni að tryggja nægjanlega breidd fjárfesta, að markaðssetja sjóðina til efnameiri einstaklinga sem eru almennir fjárfestar en þó með sérstökum skilyrðum til að tryggja fjárfestavernd. Þau skilyrði eru tiltekin lágmarksfjárhæð fjárfestingar, sem er jafnvirði 100.000 evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert kaupgengi eins og það er skráð hverju sinni, og að fjárfestir lýsi því yfir skriflega að hann sé meðvitaður um þá áhættu sem fylgi fjárfestingunni.

4.4. Skilyrði markaðssetningar undir heitinum *EuVECA* og *EuSEF*.

Í reglugerðunum er kveðið á um skilyrði þess að mega nota heitin *EuVECA* og *EuSEF* í markaðssetningu. Skilyrðin eru meðal annars um hlutföll heimilla fjárfestinga, um hæfa fjárfesta, háttsemissreglur fyrir rekstraraðila sjóðanna, um hagsmunaárekstra og um útvistun á verkefnum rekstraraðila. Einnig skilyrði um stofnfé rekstraraðila sem skal vera jafnvirði 50.000 evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert kaupgengi eins og það er skráð hverju sinni og um eiginfjárgrunn rekstraraðila en sérstakar reglur gilda ef virði sjóðs í rekstri fer umfram jafnvirði 250.000.000 evra (EUR) í íslenskum krónum miðað við opinbert kaupgengi eins og það er skráð hverju sinni. Einnig þarf að uppfylla kröfur um verðmat eigna, um ársreikninga sjóðanna og um fyrirframupplýsingar til fjárfesta. Þeir rekstraraðilar sem uppfylla skilyrðin mega nota heitin *EuVECA* eða *EuSEF*, eftir því sem við á, til markaðssetningar sjóðanna.

4.5. Skráning sjóða og rekstraraðila.

Skráningarskyldir rekstraraðilar sérhæfðra sjóða skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaríki sínu um þá fyrirætlun að nýta heitin *EuVECA* við markaðssetningu viðurkenndra áhættufjármagnssjóða, sbr. 14. gr. *EuVECA*-reglugerðarinnar, eða *EuSEF* við markaðssetningu viðurkenndra félagslegra framtakssjóða, sbr. 15. gr. *EuSEF*-reglugerðarinnar. Í tilkynningu skal upplýsa um til að mynda þá sem stýra sjóði, fjárfestingaráætlanir sjóðs, hvernig standi til að fara að ákvæðum reglugerðanna og í hvaða aðildarríkjum stendur til að markaðssetja sjóðinn. Lögbært yfirvald skráir rekstraraðila í framhaldi af tilkynningu að því gefnu að tiltekin skilyrði séu uppfyllt, svo sem um að þeir aðilar sem stýra sjóðnum uppfylli skilyrði um góðan orðstír og næga reynslu með hliðsjón af fjárfestingaráætlun sjóðs og að tilkynning sé fullnægjandi. Skráning rekstraraðila hefur einnig þann tilgang að vera skráning rekstraraðila í skilningi laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða í tengslum við rekstur *EuVECA*- eða *EuSEF*-sjóðs.

Starfsleyfis skyldir rekstraraðilar skulu óska eftir skráningu viðurkennds áhættufjármagnssjóðs eða viðurkennds félagslegs framtakssjóðs, eftir því sem við á, hjá lögbæru yfirvaldi viðkomandi sjóðs ætli þeir sér að nýta heitin *EuVECA* eða *EuSEF* við markaðssetningu sjóðs, sbr. 14. gr. a *EuVECA*-reglugerðarinnar og 15. gr. a *EuSEF*-reglugerðarinnar. Í beiðni um skráningu skal veita upplýsingar um til að mynda reglur eða stofnsamninga viðkomandi sjóðs, vörsluadila, þá sem stýra sjóðnum, fjárfestingaráætlanir sjóðsins, hvernig standi til að fara að ákvæðum reglugerðanna og afhenda lista yfir þau aðildarríki þar sem rekstraraðili hefur eða fyrirhugar að stofna sjóði. Lögbært yfirvald sjóðsins skráir sjóðinn að því gefnu að öll skilyrði séu uppfyllt, svo sem um að þeir aðilar sem stýra sjóðnum uppfylli skilyrði um góðan orðstír og næga reynslu með hliðsjón af fjárfestingaráætlun sjóðs.

Skráning veitir heimild til markaðssetningar innan EES. Rekstraraðila ber þó að tilkynna markaðssetningu til lögbærra yfirvalda í því aðildarríki þar sem þeir ætla sér að markaðssetja sjóð, sbr. 15. gr. *EuVECA*-reglugerðarinnar og 16. gr. *EuSEF*-reglugerðarinnar.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (hér eftir ESMA) heldur úti opinberum miðlægum gagnagrunni sem heldur utan um upplýsingar um alla rekstraraðila viðurkenndra áhættufjármagnssjóða og viðurkenndra félagslegra framtakssjóða sem nýta heitin *EuVECA* eða *EuSEF* og þá sjóði sem heitin eru notuð fyrir, sem og þau lönd þar sem þessir sjóðir eru markaðssettir.

5. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Fyrirhuguð lagasetning varðar skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum og felur í sér innleiðingu á efnisákvæðum EuVECA- og EuSEF-reglugerðanna í íslenskan rétt. Í gerðunum og aðlögunum er gert ráð fyrir framsali valdheimilda til handa Eftirlitsstofnunar EFTA, sem ekki er talið að sé umfram það sem áður hefur verið talið heimilt vegna EES-samningsins, sbr. 4. kafla greinargerðar með frumvarpi til laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði sem lagt var fram á 146. löggjafarþingi 2016–2017 (217. mál, þskj. 301) og varð að lögum nr. 24/2017. Fyrirhugaðar breytingar þykja því ekki kalla á sérstaka skoðun á samræmi við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar.

6. Samráð.

Frumvarpið var samið í Fjármála- og efnahagsráðuneytinu í samráði við Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands. Áform um frumvarp til laga um evrópska áhættufjármagnssjóði og evrópska félagslega framtakssjóði voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is 20. maí 2021 (mál nr. S-116/2021) og var opið fyrir umsagnir til 10. júní 2021. Engar umsagnir bárust. Frumvarpsdrög voru birt til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda 20. september 2021 og frestur til umsagna veittur til 15. október 2021. Engar umsagnir bárust.

7. Mat á áhrifum.

7.1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið.

Með innleiðingu EuVECA- og EuSEF-reglugerðanna verður íslenskum rekstraraðilum sérhæfðra sjóða heimilt að markaðssetja EuVECA- og EuSEF-sjóði innan EES. Eins gefst erlendum rekstraraðilum innan EES tækifæri til að markaðssetja slíka sjóði hér á landi.

Markmiðið með reglunum er meðal annars að stuðla að betri aðgangi að fjármögnun fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem ýtir þá að sama skapi undir atvinnusköpun sem hefur jákvæð áhrif á samfélagið.

Sjóðaformin sem um ræðir hafa notið takmarkaðrar velgengni innan ESB og voru reglurnar því endurskoðaðar og þeim breytt með breytingareglugerðinni. Ekki liggur fyrir hvort þær breytingar hafi orðið til þess að sjóðaformin séu meira notuð en áður.

7.2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði.

Reglurnar koma einungis til með að hafa áhrif á þá rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem ákveða að bjóða upp á umrædda EuVECA- og EuSEF-sjóði. Slíkir sjóðir eru ekki starfræktir hér á landi, enda hefur íslenskt lagaumhverfi ekki boðið upp á það. Ekki er vitað hver eftirspurnin eftir stofnun sjóða á borð við þessa er.

Tilteknar viðbótareftirlitskröfur bætast við skráningarskylda rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem kjósa að bjóða upp á umrædd sjóðaform, svo sem í tengslum við tilkynningu um markaðssetningu sjóða sem þessara til Fjármálaeftirlitsins, mat á hæfi stjórnenda og eftirlit með t.d. markaðssetningu sjóðanna, viðskiptaháttum rekstraraðilanna, stjórnarháttum, útvistun verk-efna, hagsmunarárekstrum o.fl.

7.3. Samkeppnisskiilyrði.

Ekki eru taldar líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti eða að þeim fækki með óbeinum hætti vegna fyrirhugaðrar lagasetningar.

7.4. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið.

Ekki er gert ráð fyrir auknum umsvifum Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands vegna fyrirhugaðrar lagasetningar að svo stöddu, en komi til þess að rekstraraðilar ákveði að bjóða upp á þessar nýju sjóðategundir gætu umsvifin aukist svo einhverju nemi. Er talið að áhrif innleiðingar reglugerðanna verði óveruleg og að verkefnin tengd þeim rúmist innan núverandi rekstraráætlana Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Áhrif á ríkissjóð verða því engin.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni kemur fram markmið frumvarpsins sem er að kveða á um skilyrði þess að heimilt sé að notast við heitin EuVECA við markaðssetningu á evrópskum áhættufjármagns-sjóðum og EuSEF við markaðssetningu á evrópskum félagslegum framtakssjóðum.

Rekstraraðilar EuVECA- og EuSEF-sjóða geta verið skráningarskyldir rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, sbr. 7. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, og um þá gilda öll ákvæði EuVECA- og EuSEF-reglugerðanna, eftir því sem við á, sbr. 1. mgr. 2. gr. EuVECA-reglugerðarinnar og 1. mgr. 2. gr. EuSEF-reglugerðarinnar. Í þeim tilvikum sem starfsleyfis-skyldur rekstraraðili sérhæfðra sjóða skv. 6. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða hyggst reka EuVECA-sjóð eða EuSEF-sjóð gilda tiltekin ákvæði reglugerðanna um þá starfsemi, sbr. 2. mgr. 2. gr. EuVECA-reglugerðarinnar og 2. mgr. 2. gr. EuSEF-reglugerðarinnar. Að öðru leyti gilda lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða um starfsemina.

Þá er rekstrarfélögum verðbréfasjóða einnig heimilt að reka EuVECA- og/eða EuSEF-sjóð sé rekstrarfélagið skráð í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 345/2013 eða 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013, eftir því sem við á, sbr. 3. mgr. 2. gr. EuVECA-reglugerðarinnar og 3. mgr. 2. gr. EuSEF-reglugerðarinnar. Um starfsemina gilda þá öll ákvæði EuVECA- og EuSEF-reglugerðanna, eftir því sem við á.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði EuVECA- og EuSEF-reglugerðanna og breytingareglugerðarinnar, eins og þær hafa verið aðlagðar og teknar upp í EES-samninginn með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2018 og 214/2020, skuli hafa lagagildi hér á landi.

Um 3. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 14. gr. b EuVECA-reglugerðarinnar og 15. gr. b EuSEF-reglugerðarinnar þar sem kveðið er á um skyldu aðildarríkjanna til að tryggja að ákvörðun um synjun á skráningu rekstraraðila eða sjóðs skv. 14. og 14. gr. a EuVECA-reglugerðarinnar eða 15. og 15. gr. a EuSEF-reglugerðarinnar skuli rökstudd og tilkynnt viðkomandi rekstraraðila.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands og Eftirlitsstofnun EFTA annist eftirlit samkvæmt ákvæðum laganna í samræmi við samninginn um Evrópska efnahags-svæðið, sbr. lög nr. 2/1993, sbr. einnig m- og n-lið 3. gr. EuVECA-reglugerðarinnar og EuSEF-reglugerðanna og 18. gr. EuVECA-reglugerðarinnar og 19. gr. EuSEF-reglugerðarinnar. Einnig beri að líta til samnings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls en um hlutverk og valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði fjármálaeftirlits er fjallað í 25. gr. a í þeim samningi og bókun 8 við hann.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands fer með eftirlit með framfylgni rekstraraðila með skráða starfsstöð hér á landi við reglugerðirnar. Þegar um er að ræða starfsleyfisskyldan rekstraraðila samkvæmt lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða fer Fjármálaeftirlitið með eftirlit með framfylgni við reglugerðirnar og hvort ráðstafanir og skipulag rekstraraðilans séu fullnægjandi til að rekstraraðilinn geti uppfyllt skyldur og reglur sem tengjast stofnun og rekstri EuVECA- eða EuSEF-sjóðs.

Pá fer Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands með eftirlit með framfylgni þeirra EuVECA- og EuSEF-sjóða sem hafa staðfestu eru hér á landi með ákvæðum 5. og 6. gr, c- og i-lið 1. mgr. 13. gr. EuVECA-reglugerðarinnar og 5. og 6. gr, c- og i-lið 1. mgr. 14. gr. EuSEF-reglugerðarinnar, eftir því sem við á, hvort sem rekstraraðili sjóðs er með skráða starfsstöð hér á landi eða ekki. Einnig hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með því að sjóðurinn hlíti þeim skyldum sem kveðið er á um í reglum sjóðsins eða stofnsamningum.

Fjármálaeftirlitið fer svo með gistiríkiseftirlit með þeim rekstraraðilum sem hafa skráða starfsstöð í öðru ríki innan EES en Íslandi, sem markaðssetja hlutdeildarskírteini eða hluti EuVECA- eða EuSEF-sjóða hér á landi, sbr. n-lið 1. mgr. 3. gr. EuVECA- og EuSEF reglugerðanna.

Í 2. mgr. kemur fram að um eftirlit Fjármálaeftirlitsins og um upplýsingagjöf innlendra aðila bæði til ESMA og stofnana innan EES fari samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 345/2013 um evrópska áhættufjármagnssjóði og reglugerðar (ESB) nr. 346/2013 um evrópska félagslega framtakssjóði, ákvæðum laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði og ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Gert er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið aðstoði Eftirlitsstofnun EFTA og ESMA eftir föngum við framkvæmd eftirlits í samræmi við ákvæði laganna sem og stjórnvaldsfyrirmæla sem sett verða á grundvelli þeirra. Sú skylda leiðir af þjóðréttarlegum skuldbindingum samkvæmt EES-samningnum í samræmi við upptöku reglugerðanna þriggja um evrópskar eftirlitsstofnanir, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, og annarri löggjöf á sviði fjármálastarfsemi.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um þær ráðstafanir sem Fjármálaeftirlitinu er heimilt að grípa til til að tryggja að farið sé að ákvæðum frumvarpsins.

1.-4. mgr. taka mið af 19. gr. EuVECA-reglugerðarinnar og 20. gr. EuSEF-reglugerðarinnar en samkvæmt þeim ákvæðum ber aðildarríkjum að tryggja lögbærum yfirvöldum þær eftirlits- og rannsóknarheimildir sem nauðsynlegar eru til að sinna verkefnum sínum, en að sérstaklega skuli tryggja þær heimildir sem taldar eru upp í 1. mgr. Fjármálaeftirlitið hefur einnig heimildir samkvæmt öðrum ákvæðum frumvarps þessa og ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. 5. tölul. 1. mgr. og a-lið 5. mgr. ákvæðisins. Þessar heimildir eru til að mynda úrbótakrafa, dagsektir og stjórnvaldssektir.

5. mgr. byggist á 1. og 2. mgr. 21. gr. EuVECA-reglugerðarinnar og 1. og 2. mgr. 22. gr. EuSEF-reglugerðarinnar og kveður á um skyldu Fjármálaeftirlitsins til að grípa til viðeigandi ráðstafana við tiltekna aðstæður hjá rekstraraðila sjóðs, að virtri meginreglunni um meðalhóf. Meðal þessara ráðstafana getur verið að banna viðkomandi rekstraraðila að notast við heitið EuVECA eða EuSEF, eftir því sem við á, og afskrá rekstraraðilann og/eða viðkomandi sjóð. Samkvæmt reglugerðunum skal lögbært yfirvald upplýsa önnur hlutaðeigandi lögbær yfirvöld og ESMA án tafar um afskráningu.

6. mgr. felur í sér innleiðingu á 3. mgr. 18. gr. EuVECA-reglugerðarinnar og 3. mgr. 19. gr. EuSEF og kveður á um valdheimildir Fjármálaeftirlitsins vegna rekstraraðila sem eru með

staðfestu í öðru ríki innan EES en Íslandi, en hlutir eða hlutdeildarskírteini sjóðsins eru markaðssett hér á landi. Samkvæmt framangreindum ákvæðum reglugerðanna skal lögbært yfirvald í gístíríki upplýsa lögbær yfirvöld í heimaríki, hafi það gilda ástæðu til að ætla að rekstraraðili sem markaðssetur EuVECA- eða EuSEF-sjóð á Íslandi en er með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins uppfylli ekki þær skyldur sem kveðið er á um í lögum þessum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum með stoð í þeim. Ber þá lögbæru yfirvaldi í heimaríki að grípa til ráðstafana.

7. mgr. er innleiðing á 21. gr. a EuVECA-reglugerðarinnar og 22. gr. a EuSEF-reglugerðarinnar þar sem kveðið er á um að eftirlits- og valdheimildir lögbærra yfirvalda samkvæmt AIFMD, sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, þar á meðal þær sem varða viðurlög, skuli einnig nýttar í tengslum við starfsleyfisskylda rekstraraðila skv. 2. mgr. 2. gr. reglugerðanna. Þar sem XI. kafli laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, um eftirlit, viðurlög og samstarf lögbærra yfirvalda, gildir einnig um skráningarskylda rekstraraðila, sbr. 7. tölul. 2. mgr. 7. gr. laganna, er einnig vísað til þeirra í ákvæðinu.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um aðfararhæfi ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA og dóma EFTA-dómstólsins og tryggt að ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA verða fullnustaðar með atbeina íslenskra stjórnvalda. Í 11. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför, nr. 90/1989, er gerður lagaáskilnaður um aðfararhæfi krafna samkvæmt úrlausnum erlendra dómstóla og yfirvalda. Í ákvæðinu kemur fram að úrlausnir eða ákvarðanir erlendra dómstóla eða yfirvalda eða sættir gerðar fyrir þeim séu aðfararhæfar ef íslenska ríkið hefur skuldbundið sig að þjóðarétti og með lögum til að viðurkenna slíkar aðfararheimildir, enda verði fullnusta kröfu talin samrýmanleg íslensku réttarskipulagi. Að öðru leyti gilda löggin um aðför um fullnustu ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um úrbótakröfu vegna brots. Ákvæðið er árétting á heimildum sem telja verður að eftirlitsaðilar hafi almennt í krafti eftirlitsskyldu sinnar gagnvart tilkynningarskyldum aðilum og er sambærilegt 1. mgr. 10. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

Um 8. gr.

Í greininni er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að leggja á stjórnvaldssektir vegna tiltekinnna brota á tilteknum ákvæðum EuVECA- og EuSEF-reglugerðanna. Skv. 1. mgr. 20. gr. EuVECA-reglugerðarinnar og 1. mgr. 21. gr. EuSEF-reglugerðarinnar skulu aðildarríki kveða á um stjórnvaldsábyrgðarlög og annars konar ráðstafanir sem beita skal vegna brota á ákvæðum reglugerðanna.

Í 1. mgr. er talið upp í hvaða tilvikum Fjármálaeftirlitinu er heimilt að leggja stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn tilteknum ákvæðum EuVECA-reglugerðarinnar, sbr. 1. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar.

Í 2. mgr. er talið upp í hvaða tilvikum Fjármálaeftirlitinu er heimilt að leggja stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn tilteknum ákvæðum EuSEF-reglugerðarinnar, sbr. 1. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar.

Hér er lagt til að eftirlitinu verði heimilt að leggja stjórnvaldssektir bæði á einstaklinga og lögaðila sem brjóta gegn þeim ákvæðum sem fram koma í viðkomandi greinum.

Í 3. og 4. mgr. er kveðið á um fjárhæðarmörk sekta fyrir einstaklinga og lögaðila. Ákvæðin eru til samræmis við 3. og 4. mgr. 101. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020.

5. mgr. er sambærileg 5. mgr. 101. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020.

Í 6. mgr. er áréttað að viðurlög við brotum gegn lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða ákvarðist samkvæmt þeirri löggjöf.

Um 9. gr.

Ákvæðið er sambærilegt 7. mgr. 101. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020. Gert er ráð fyrir að bæði ásetnings- og gáleysisbrot varði stjórnvaldssektum og öðrum viðurlögum samkvæmt frumvarpinu til að styrkja varnaðaráhrif þeirra og til samræmis við það sem almennt gildir um stjórnsýsluviðurlög á sviði fjármálamarkaðar. Saknæmisstig getur þó haft áhrif á það hversu alvarlegt brot er talið og þar með ákvörðun stjórnvaldssektar og annarra viðurlaga.

Um 10. gr.

Í ákvæðinu eru taldar upp þær ástæður sem horfa skal til við ákvörðun stjórnsýsluviðurlaga og annarra ráðstafana. Ekki er um tæmandi talningu að ræða. Við val á tegund og þyngd stjórnsýsluviðurlaga og annarra ráðstafana skal með vísan til almennra reglna sjá til þess að þau verði árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og hafi varnaðaráhrif, auk þess sem taka skal tillit til allra atvika sem máli skipta, sbr. 1. mgr. 20. gr. EuVECA-reglugerðarinnar og 1. mgr. 21. gr. EuSEF-reglugerðarinnar.

Um 11. gr.

Í greininni er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði veitt heimild til að ljúka ákveðnum málum með sátt. Til að unnt sé að ljúka máli með sátt verður samþykki málsaðila að liggja fyrir. Sættir eru því ekki einhliða ákvarðanir stjórnvalds heldur koma málsaðilar einnig að þeim. Því er lagt til að kveðið verði skýrt á um að þær séu bindandi fyrir aðila þegar hann hefur samþykkt sáttina og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitinu er ekki heimilt að ljúka máli með sátt ef um er að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. 1. mgr. ákvæðisins er samhljóða 103. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um rétt manns til að neita að tjá sig um viðkomandi mál eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Ákvæðið er samhljóða 104. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um frest Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssekt. Ákvæðið er sambærilegt 105. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020.

Um 14. gr.

Í greininni er lagt til að það varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, ef brotið er gegn tilgreindum ákvæðum EuVECA- eða EuSEF-reglugerðanna. Fjármálaeftirlitið hefur jafnframt heimild til að taka á slíkum brotum með stjórnvaldssektum skv. 8. gr.

Um 15. gr.

Í greininni er fjallað um kæru til lögreglu. Ákvæðið er sambærilegt 108. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um setningu stjórnvaldsfyrirmæla, af hálfu ráðherra og Seðlabanka Íslands.

Samkvæmt 1. og 2. mgr. setur ráðherra reglugerð til innleiðingar í íslenskan rétt á afleiddum gerðum EuVECA- og EuSEF-reglugerðanna, þ.e. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/819 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 að því er varðar hagsmunaárekstra, mat á félagslegum áhrifum og upplýsingar til fjárfesta á sviði evrópskra félagslegra framtakssjóða og reglugerð (ESB) 2019/820 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 að því er varðar hagsmunaárekstra á sviði evrópskra áhættufjármagnssjóða.

Samkvæmt 3. og 4. mgr. setur Seðlabanki Íslands reglur til innleiðingar í íslenskan rétt á afleiddum gerðum EuVECA- og EuSEF-reglugerðanna. Það eru reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 593/2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar form tilkynninga samkvæmt 1. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 um evrópska áhættufjármagnssjóði og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 594/2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar form tilkynninga samkvæmt 1. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 um evrópska félagslega framtakssjóði.

Um 17. gr.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2020 hefur ekki verið birt í EES-viðbæti stjórnartíðinda ESB, en þýðing hennar fylgir með frumvarpinu sem fylgiskjal. Í 1. og 2. mgr. ákvæðisins eru tilgreindar þær aðlaganir sem koma fram í ákvörðuninni.

Í reglugerðunum sem lagt er til að lögfestar verði með frumvarpi þessu er nokkuð um vísanir til annarra Evrópuþinggerða sem teknar hafa verið upp í íslenskan rétt. Í greininni er nánar skýrt hvar ákvæði viðkomandi tilskipunar hafa verið tekin upp í íslenskan rétt.

Hér á eftir er útskýrt hvar þær reglugerðir Evrópusambandsins, sem vísað er til í EuVECA- og EuSEF-reglugerðunum, hafa verið teknar upp í íslenskan rétt:

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB er innleidd með lögum um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, nr. 24/2017.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans er innleidd með reglugerð nr. 1165/2015 um gildistöku reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) um ríkisaðstoð.

Um 18. gr.

Í greininni er lagt til að löggin öðlist gildi 1. mars 2022.

Fylgiskjal.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta).

www.althingi.is/alttext/pdf/152/fylgiskjol/s0344-f_I.pdf